

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 30. júní 2020

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri þriðjudaginn 30. júní 2020 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 83 einstaklingar, 62 fulltrúar aðildarféлага, 11 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 10 almennir sjóðfélagar. Erla Jónsdóttir, starfandi formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Jafnframt gat hún þess að fundurinn væri í beinni útsendingu á vefnum. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur sem fundarstjóra og Einar Ingimundarson sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjóri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

2.a. Skýrsla stjórnar

Starfandi stjórnarformaður, Erla Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2019.

Í samantekt stjórnarformanns kom fram að árið 2019 hefði verið besta ár sjóðsins í núverandi mynd með tilliti til ávöxtunar eigna sjóðsins. Raunávöxtun nam 10% á árinu og skiluðu allir eignaflokkar jákvæðu ávöxtunarmarkmið sjóðsins er 3,5% raunávöxtun en meðalraunávöxtun undanfarinna 10 ára nemur nú 4,1%. Stjórnarformaður gat þess einnig í framhjálaupi á ávöxtun fyrstu fimm mánuði ársins 2020 mjög góð þrátt fyrir óvenjulegar og fordæmalausar aðstæður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins styrktist á árinu og var neikvæð um 0,4% af skuldbindingum í lok 2019 samanborið við 1,8% af skuldbindingum sjóðsins í árslok 2018. Við mat á skuldbindingum sjóðsins er nú notast við lífslíkur áranna 2014-2018 en fyrra mat byggði á tímabilinu 2010-2014. Breyttar reikniforsendur hafa neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem nemur 0,6%.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarmaður, fyrir hönd stjórnar, starfsfólki bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

2.b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig næstur í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri nú ekki gefin út á pappírsmi heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Fundarmenn hefðu hins vegar fengið afhentan útprentaðan ársreikning.

- Iðgjöld ársins 2018 voru 13.087 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 6.666 milljónum króna á árinu
- Fjárfestingartekjur voru 29.922 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 429 milljónum króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2019 var 256.133 milljónir króna og jókst um 35.427 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 121.711 milljónir króna.
 - Skuldabréf 127.805 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 807 milljónir króna.
 - Kröfur 1.384 milljónir króna.
 - Ýmsar eignir 289 milljónir króna.
 - Handbært fé 4.457 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 319 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignadeildar.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir áhrif Covid-19 á helstu þætti í starfsemi sjóðsins og gerði grein fyrir helstu aðgerðum sem sjóðurinn hefur gripið til

2.c. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða fer úr -1,8% í -0,4%.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Engar spurningar eða athugasemdir komu fram. Að þessu búnu var ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingastjóri, Brynjar Þór Hreinsson, kynnti ávöxtun sjóðsins á árinu 2019 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu 2020, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins. Einnig var uppbyggingu og ávöxtun séreignasafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

Í ljósi þess að vel er liðið á árið 2020 sem einkennst hefur af óvenjulegum og fordæmalausum aðstæðum gerði fjárfestingastjóri einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fimm mánuði þessa árs. Nafnávöxtun tímabilsins nam 4,6% sem teljast verður mjög gott miðað við aðstæður.

Að lokinni kynningu fjárfestingastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefnu en engar spurningar komu fram.

4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði Brynjar Þór stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Hluthafastefna Stapa var upphaflega sett fram árið 2015 þar sem áhersla var lögð á nokkra meginþætti eins og góðir og ábyrga stjórnarhættir, gott viðskiptasiðferði, hófsemi í starfskjarastefnum og ábyrgð í félags- og umhverfismálum.

Að undanfögnu hefur orðið mikil og góð þróun í UFS málum (umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir). Lífeyrissjóðir hafa verið virkir þátttakendur í þeirri þróun sem hluthafar og horft er til þess að uppfæra hluthafastefnuna á næstunni og skerpa meðal annars á ofangreindum þáttum. Þá hóf Stapi á árinu 2019 samstarf um ábyrgar fjárfestingar við norska eignastýrandann Storebrand og eru miklar vonir bundnar við að það samstarf verði farsælt.

5. Breytingar á samþykktum

Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs fór yfir breytingatillögur og greinagerð sem lá fyrir á ársfundi. Breytingatillögurnar snúa að breytingum á réttindatöflum í viðauka A við samþykktir sjóðsins en slíkar töflur í samþykktunum eiga að taka mið af lífs- og örorku- og endurhæfingarlíkum sjóðfélaga á hverjum tíma. Með breytingunum er verið að uppfæra töflurnar að nýjustu lífs-, örorku- og endurhæfingarlíkum FÍT.

Að lokinni yfirferð Jónu Finndísar gaf fundarstjóri orðið laust um tillögurnar. Engar fyrirspurnir eða athugasemdir bárust og bar fundarstjóri tillögurnar því næstu upp til samþykktar. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða sem og samþykkir sjóðsins í heild með uppfærðum töflum.

6. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðu fulltrúaráðsfundar 2. júní sl. þar sem fulltrúaráð Stapa samþykkti tilnefningu aðildarfélaga sjóðsins á fjórum stjórnarmönnum og tveimur varamönnum í stjórn.

Stjórn Stapa 2020-2021 er þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Erla Jónsdóttir, Kambakoti (kosin á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Kristín Halldórsdóttir, Akureyri (kosin á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Unnar Már Pétursson, Siglufirði (kosinn á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2021)
- Valdimar Halldórsson, Húsavík (kosinn á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2022)

Frá launþegum

- Sverrir Mar Albertsson, Eskifirði (kosinn á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Tryggvi Jóhannsson, Akureyri (kosinn á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Oddný María Gunnarsdóttir, Blönduósi (kosin á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2022)
- Jónína Hermannsdóttir, Húsavík (kosin á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2022)

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (kosin á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Páll Snorrason, Garðabæ (kosinn á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2022)

Frá launþegum

- Heimir Kristinsson, Akureyri (kosinn á ársfundi 2019 til ársfundar 2021)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði (kosin á fulltrúaráðsfundi 2. júní 2020 til ársfundar 2022)

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki sjóðsins á árinu 2020. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Starfskjarastefna

Erla Jónsdóttir, starfandi stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Lagt er til að starfskjarastefna standi óbreytt frá fyrra ári.

„Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði og hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.“

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupaukar
- Yfirvinna

Starfskjarastefnan skal borin undir ársfund.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust. Enginn kvað sér hljóðs og var tillaga um óbreytta starfskjarastefnu samþykkt samhljóða.

9. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breyttum stjórnar- og nefndalaunum.

Stjórnarlaun verði 113.917 krónur á mánuði, varamaður fær 56.959 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 227.835 krónur og varaformaður 170.204 krónur. Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái 42.809 krónur á mánuði og formaður nefndarinnar 85.618 krónur á mánuði. Þá

fái nefndarmenn í nýrri nefnd um laun stjórnar 113.917 krónur fyrir starfsárið en formaður þeirrar nefndar fái 170.876 krónur fyrir starfsárið.

Orðið var gefið laust en enginn gerði athugasemd við þessari tillögu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2020 - 2021. Tillagan gerir ráð fyrir að frá atvinnurekendum komi stjórnarformaður Stapa og Jens Garðar Helgason en frá launþegum komi Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Guðmundur Finnbogason. Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Björn Snæbjörnsson formaður Einingar – Iðju og fyrrum stjórnarformaður Stapa kom í pontu og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir góð störf á árinu. Jafnframt bar hann fram fyrirspurn til framkvæmdastjóra um það hvernig sjóðurinn sem fjárfestir í hlutafélögum liti á það þegar forstjórar og aðrir stjórnendur slíkra félaga fengju greidd laun og hlunnindi sem að flestra mati væru óhóflega há og óverðskulduð. Jóhann framkvæmdastjóri kom í pontu og svaraði því að Stapi legði mikla áherslu á hófsemi í starfskjörum stjórnenda þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í og gat þess að Stapi hefði í nokkrum tilvikum greitt atkvæði gegn framlögðum tillögum um starfskjarastefnur á ársfundum félaga þar sem stjórnendum Stapa hafi þótt þær óhóflegar. Jafnframt gat Jóhann þess að á heimasíðu sjóðsins væri gerð grein fyrir því hvernig Stapi hefur greitt atkvæði á árs- og hluthafafundum félaga.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum fyrir komuna og góðan fund. Óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakkar þeim sem frá eru að hverfa, óskaði að lokum öllum góðrar heimferðar og sagði fundi slitið klukkan 15:35.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:

Einar Ingimundarson